

## KVÍKA BANKI HF. FJÁRFESTINGABANKI | IS | 540502 - 2930

B2 | 78 / 100

A1 - A3	B1 - B3	C1 - C3	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt

## EINKUNN

Kvíka banki nær góðum árangri í UFS áhættumati Reitunar með 78 stig af 100 mögulegum. Endar bankinn í flokki B2.

## UFS NIÐURSTÖÐUR

	Vægi	Stig	Einkunn
<b>Umhverfisþáttur</b>	<b>15.0%</b>	<b>78</b>	<b>B2</b>
E.1 Visthagkvæmni	7.5%	42	C2
E.2 Umhverfisstjórnun & yfirsýn	7.5%	83	B1
<b>Félagsþáttur</b>	<b>25.0%</b>	<b>92</b>	<b>A2</b>
S.1 Starfsumhverfi	7.5%	97	A1
S.2 Velferð starfsmanna & viðskiptaánægja	17.5%	90	A3
<b>Stjórnarhættir</b>	<b>60.0%</b>	<b>76</b>	<b>B2</b>
G.1 Stjórnun & aðfangakeðja	9.0%	91	A3
G.2 Starfshættir	21.0%	84	B1
G.3 Vörur & þjónusta	30.0%	65	B3


## STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Kvíka banki hefur verið í vinnu við að móta UFS þætti í starfsemi sinni og hækkar bankinn um 14 stig í UFS mati Reitunar síðan í september 2020. Þessa hækkun má rekja til formlegri umgjörðar á UFS málefnum og aðgerða sem bankinn hefur farið í. Innlend fjármálafyrirtæki starfa undir ströngu regluverki og eftirliti. Áhætta gagnvart stjórnarháttum er því almennt talin vera lág hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum og uppfyllir bankinn viðmið um almenna stjórnarhætti. Einn af stærri áhættuþáttum sem falla undir flokk um stjórnarhætti er hvort UFS þættir hafa verið innleiddir inn í ákvörðunarferli fjárfestinga og lána og hefur samstæðan unnið að því að lágmarka þann áhættuþátt með mótun á stefnum og ferlum til að framfylgja þeim. Í lok ágúst 2020 gerðist Kvíka banki aðili að samtökum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar og samþykkti Kvíka eignastýring í september 2020, stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Kvíka banki hefur mótað sér stefnu um ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar og var hún samþykkt í desember 2020. Unnið er að innleiðingu stefnanna og uppfærslu á útlánareglum bankans með tilliti til sjónarmiða stefnu bankans um ábyrgar lánveitingar. Kvíka banki hefur einnig mótað sér stefnu í ábyrgu vöru- og þjónustuframboði þar sem meginmarkmið stefnunnar er að styðja við og þróa áfram vöru- og þjónustuframboð sem styður við sjálfbærni og gildi bankans um langtímahugsun. Bankinn hefur mótað siðareglur fyrir mikilvægustu birgja sína og er með því að horfa til þess að auka við keðjuábyrgð í starfsemi sinni. Allir birgjar sem reglurnar ná yfir hafa samþykkt að fylgja þeim eftir. Stór áhættuþáttur fyrir félög í atvinnugreininni er upplýsingaöryggi og stjórnar bankinn þeim áhættuþætti vel. Flokkur um félagsþætti gefur framúrskarandi niðurstöður og er það mat Reitunar að vinnuumhverfið sé gott og leggur Kvíka banki ríka áherslu á að hafa jákvæð áhrif út í samfélagið með styrkjum og framlögum til góðgerðamála. Bankinn nær auknum árangri í flokk um umhverfisþætti. Ný umhverfisstefna hefur verið mótuð og samþykkt og umhverfisstjórnun bætt. Bankinn mælir fyrir umhverfisáhrifum rekstursins með stafrænu umhverfisstjórnunarkerfi og kolefnisjafnar flug og akstur bílaflota síns. Er það mat Reitunar að Kvíka banki hefur með stefnumótunarvinnu sinni náð vel utan um UFS þætti í starfsemi sinni og hún gefið góðan árangur.


## SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

UFS heildareinkunn Kvíka banka er 78 stig, flokkur B2. Er það vel fyrir ofan meðaltal í samanburði við innlenda útgefendur þar sem meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er 63 stig af 100 stigum mögulegum. Er bankinn fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum í samanburði við innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum UFS reitun (fjöldi: 34).

## SAMANBURÐUR



## UFS EINKUNNADREIFING



## Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggi fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neindir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram.

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.